

Tillaga nr. 2.

Lögð fyrir stjórn LH. af landsliðsnefnd LH á stjórnarfundum 11.1.2019.

STJÓRN LH SAMPYKKIR EFTIRFARANDI:

Að landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd skipi í samráði við LH, landslið Íslands í hestaíþróttum sem falli inn í þann ramma og lúti þeim reglum samkvæmt neðangreindum tillögum.

LANDLIÐ ÍSLANDS Í HESTAÍÞRÓTTUM.

Landsliðsþjálfari, ásamt landsliðsnefnd, skipar 20 manna landsliðshóp fullorðinna auk tiltilhafa, sterkustu keppnismönnum þess tíma í hestaíþróttinni að mati landsliðsþjálfara. Þeir sem mynda hóp landsliðsins eru Íslandsmóts sigurvegarar og annað afreksfólk á keppnisvettvangi héraðs og erlendis. Landsliðið er skipað til eins árs í senn en reglulega fer fram markvisst endurval knapa, byggt á mati landsliðsþjálfara. Landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd skulu tilkynna nýjan landsliðshóp með formlegum hætti í upphafi hvers keppnistímabils.

Hefur landsliðsþjálfari heimild til að kalla inn í landsliðið allt að 5 nýja landsliðsmenn þannig að landsliðshópurinn getur talið allt að 25 knapa hverju sinni. Þá hefur landsliðsþjálfari heimild til að setja menn út úr landsliðshópi hvenær sem er, hvort sem byggt er á árangri keppni eða öðrum þáttum sem taldir eru skipta máli svo sem háttvísi, þáttöku í verkefnum landsliðs ofl.

Landsliðsnefnd setur landsliðshópi skýrar siða- og agareglur sem landsliðsmenn undirgangast með samningi við LH. Skulu landsliðsmenn leytast við að vera öðrum knöpum fyrirmyndir, innan sem utan vallar og geta landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd áminnt landsliðsmenn og/eða vikið þeim úr landsliðshópi sé þessar skyldur ekki uppfylltar.

Helstu skyldur knapa til landsliðsins eru, auk þess að bjóða fram krafta sína til að keppa fyrir Íslands hönd á erlendum stórmótum, að vera til taks þegar á þarf að halda t.d. mæta á viðburði, mót, uppákomur, sýningar og aðra viðburði sem landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd óska hverju sinni. Landsliðsmaður þarf að mæta að lágmarki helming boðaðra viðburða. Ákveðnir viðburðir hafa þó forgang að hálfu landsliðsnefndar sem eru þá nánar skilgreindir sem slíkir.

Landsliðsknappar sem búsettir eru erlendis eru jafnt boðaðir á viðburði og fræðslu og hafa sömu skyldur og aðrir landsliðsmenn. Skrifstofa LH og landsliðsnefnd aðstoðar við flug og gistingu ef þurfa þykir og mun taka þátt í þeim kostnaði sem hlýst af ferðalaginu. Gildir það jafnt fyrir þann landsliðsmann sem er héraðs erlendis.

Landsliðsnefnd gengst fyrir c.a. 3 viðburðum á ári sem skulu vera ákveðnir ár fram í tímann og skulu liggja fyrir staðsetningar og tímabil viðburða, sem dreift væri á t.d. febrúar, september og desember.

Landsliðsnefnd og landsliðsþjálfari munu standa fyrir hvers kyns námskeiðum og stuðningi við landsliðsmenn, í eins miklu mæli og talið er hæfilegt til að bæta getu og árangur liðsins til lengri og skemmri tíma. Er stefnan að bjóða upp á eins fjölbreytta og gagnlega nálgun og ráðrúm er til hverju sinni með aðgangi að t.d:

- Sýnikennslu í faglegri reiðmennsku og nýjungum í greininni

- Reiðnámskeiðum með hæfustu reiðkennurum
- Sérfræðingum um heilbrigði dýra
- Dýrasálfræðingum
- Fóðurfræðingum
- Sálfræðingi
- Lækni
- Sjúkrapjálfara
- Nuddara
- Íþróttfræðingi
- O.fl.

Mun landsliðsnefnd leitast er við að bjóða fram hæfustu aðila á hverju sviði sem völ er á hverju sinni, tryggja að landsliðsmenn hafi á hverju tíma aðgang að þeim og taka þátt í kostnaði eins og fjárhagslegt ráðrúm nefndarinnar býður upp á hverju sinni.

Landsliðsnefnd gengst fyrir ýmsum uppákomum til styrktar og framþróunar á keppnisíþróttinni s.s.. mótum, móttökum, sérstökum sýningum og uppákomum sem eru til þess fallnar að efla hestaíþróttina og styrkja landsliðið til árangurs. Eru þessar uppákomur skyldumæting landsliðsknappa eins og að ofan greinir.

Val á landsliði

Sá landsliðshópur sem er virkur ár hvert er ávalt í forvali þegar valdir eru keppendur fyrir Íslands hönd á HM og NM og aðrar stórar uppákomur. Landsliðspjálfari getur þó, eins og áður segir, kallað nýja keppendur inn í hópinn með skömmum fyrirvara ef hann telur að það muni styrkja hópinn og landsliðið. Þeir keppendur sem keppa fyrir Íslands hönd skulu alltaf vera hluti af landsliðshópi og undirgangast þau réttindi og skyldur sem fylgir því að vera hluti af hópnum.

Landsliðspjálfari fylgist með knöpum í landsliðinu eftir ákveðnu skipuriti og byggir upp markmiðslýsingar í samráði við knapa og þjálfara og gætir að þjálfunarferli þeirra.

Þegar kemur að vali á endanlegu landsliði Íslands, hverju sinni, skal landsliðspjálfari tilkynna í síðasta lagi í mars hvaða mót og eða úrtaka verður notuð til mats á landsliðsknöpum auk annars árangurs. Landsliðspjálfari fylgist vel með þessum mótum og öðrum sem þurfa þykir. Tryggt þarf að vera að landsliðsmenn hafi aðgang að þeim mótum sem um ræðir. Við skipun landsliðsins er reynt að hafa hóp landsliðsmanna sem jafnastan miðað við styrk knapa í keppnisgrein.

Landsliðspjálfari hefur óskorðað endanlegt vald til að velja landsliðið.

Landslið U21

Afrekshópur LH fellur alfarið undir stjórn landsliðsnefndarinnar og verður hér eftir skilgreindur sem landsliðshópur undir 21 árs. Ber landsliðspjálfari og landsliðsnefnd ábyrgð á starfi hópsins og þróun á starfi hans, í því augnarmiði að byggja upp landslið framtíðarinnar.

Reykjavík 11.1.2019
f.h. stjórnar LH.
